

Ákveðið að stofna alþjóðlegt samstarfsnet menningarráðherra úr röðum kvenna

Heimfundur menningarráðherra úr röðum kvenna var haldinn í Reykjavík dagana 29.-30. ágúst.

Alls sóttu fundinn um 30 fulltrúar frá 15 þjóðlöndum. Þar á meðal voru fulltrúar alþjóðastofnana; [UNESCO](#), [Evrópuráðsins](#), [World Economic Forum](#) og [Heimsráðs kvenleiðtoga](#) (Council of Women World Leaders) en þau síðastnefndu stóðu að fundinum í samvinnu við íslensk stjórnvöld.

Á fundinum var m.a. ákveðið að stofna alþjóðlegt samstarfsnet menningarráðherra úr röðum kvenna og mun Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verða þar í forsvari ásamt menningarmálaráðherrum Finnlands og Indlands.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra mennta-, menningar- og vísindamála ásamt Vigdísí Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands og Cherie Booth.

Rúmlega 100 manns voru viðstaddir opunarathöfn fundarins en þar fluttu ávarp, auk Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, þær Vigdís Finnbogadóttir og Katerina Stenou frá UNESCO.

Þá kynnti breski lögfræðingurinn Cherie Booth skýrslu World Economic Forum „[Women's Empowerment: Measuring the Global Gender Gap](#)“. Á fundinum ræddi [Mahnaz Afkhami](#), fyrrverandi ráðherra í Íran m.a. um menningarleg réttindi kvenna og Dr. [Annette Pritchard](#) fjallaði um menningu og ferðamennsku.

Umræður meðal fundarmanna voru mjög líflegar og fram komu mörg áhugaverð sjónarmið varðandi mismunandi áhrif menningar á líf og stöðu kvenna. Fundurinn samþykkti sameiginlega [yfirlýsingu](#) og er hægt að nálgast hana á vef fundarins ásamt [lokaræðu menntamálaráðherra](#) á fundinum.

Ný námskrá í gull- og silfursmíði hefur tekið gildi

[Menntamálaráðherra](#) hefur samþykkt nýja námskrá í gull- og silfursmíði sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla. Hún hefur þegar tekið gildi og verið birt á [námskrárvef menntamálaráðuneytis](#). Um er að ræða fyrstu heildstæðu námskrána sem rituð hefur verið fyrir gull- og silfursmíði en iðnin hefur verið kennd til sveinsprófs hér á landi um einnar aldar skeið. Heildarnámstími til sveinsprófs er sem fyrr fjögur ár. Samsetning námsins breytist þannig að meðalnámstími í skóla lengist úr þremur önnur í fimm en námstími á vinnustað styttest úr 120 vikum í 72 vikur.

Samkvæmt fyrri tilhögun hófu nemendur nám sitt hjá meistara og fóru síðan í skóla. Ný námskrá kveður á um að nemendur hefji nám sitt í skóla og fái þar innsýn í alla helstu grunnþætti greinarinnar áður en þeir fara á námssamning hjá meistara eða fyrirtæki. Lögð er áhersla á aukna breidd og dýpt í starfsnáminu og auknið nám á sviði hönnunar og tölvutækni sem breytt markaðs- og starfsumhverfi gull- og silfursmíða kallar á.

Lýkiltölur um menntamál

Tölfræðilegar upplýsingar um skólakerfið eru nú aðgengilegar á vef menntamálaráðuneytis undir Menntamál - [Tölfræði](#). Þar má t.d. finna upplýsingar um fjölda skóla, nemenda og kennara skipt eftir skólastigum. Á síðunum eru tengingar við vef [Hagstofu Íslands](#) sem safnar og birtir fjölbreyttar tölfræðilegar upplýsingar um skólamál. Einnig eru tengingar við vefi erlendra aðila sem birta tölfræðiupplýsingar um skólamál svo sem [OECD](#) og [Eurydice](#).

Úthlutun styrkja til verkefna vegna stafrænnar miðlunar menningarefnis á landsbyggðinni

Í júní síðastliðnum voru auglýstir styrkir til skráningar og miðlunar menningarefnis á landsbyggðinni, í samráði við [iðnaðarráðuneyti](#) og sem hluti af áætluninni *Átak um menntun og menningu á landsbyggðinni*. Alls er gert ráð fyrir þremur úthlutunum

og er þetta sú þriðja í röðinni. Til ráðstöfunar voru tfu milljónir. Alls bárust 54 umsóknir og sótt var um rúmlega 80 milljónir. Nánari upplýsingar um úthlutunina er að finna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

Ný rit

Gefinn hefur verið út kynningarbæklingur á þremur tungumálum um [menntamálaráðuneytið](#).

Kynntir eru málaflókkar á sviði ráðuneytisins, helstu verkefni og tölfræði. Íslenskur titill ritsins er; Menntamálaráðuneytið: [Menning, menntun og vísindi](#), danskur titill; [Íslands undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet](#) og á ensku nefnist ritið [Ministry of Education, Science and Culture in Iceland](#).

